

**BS ritgerð**  
í viðskiptafræði

## **Skattlagning eftirgefina skulda**

**Heiða Salvarsdóttir**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands**  
**Leiðbeinandi: Ásmundur G. Vilhjálmsson aðjunkt**  
**Janúar 2011**

## Útdráttur

Í þessari ritgerð verður fjallað um skattlagningu eftirgefina skulda hjá einstaklingum og atvinnurekendum. Sérstaklega verður eytt tíma í að skoða hvort einstaklingar og atvinnurekendur hafi sömu tækifæri hvað varðar eftirgjöf. Farið verður yfir eldri og núgildandi tekjuskattslög frá árinu 2003 og þá helst 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga og lög um gjaldþrotaskipti. Til að sýna fram á hvað liggur að baki þeim tölulið er farið yfir sögu laga um tekjuskatt og eignarskatt og þróun tekjuhugtaksins hér á landi.

Megintilgangur ritgerðarinnar verður að sýna fram á með sannfærandi hætti hvenær eftirgjöf telst til tekna og hvenær hún er skattfrjáls. Umfjölluninni er skipt upp í allsherjaruppgjör og einstaklingsuppgjör. Farið er inn á framkvæmd allsherjaruppgjörs við greiðsluáðlögun, nauðasamninga og gjaldþrot og hvaða einstaklingar geti nýtt sér þau úrræði. Við þessar aðstæður er hægt að færa sönnur á neikvætt eigið fé. Við einstaklingsuppgjör er farið inn á aðstæður sem að koma til þegar að aðilar eru í atvinnurekstri og inn á málefni fjármálafyrtekja sem veittu starfsmönnum sínum lán til kaupa á hlutabréfum í bönkum.

# Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>2 Aukin skuldsetning íslenskra heimila</b> .....	<b>4</b>
<b>3 Lög um tekjuskatt og eignarskatt</b> .....	<b>5</b>
3.1 Upphaf tekjuskatts .....	5
3.2 Nýir tímar í skattalögum á Íslandi .....	6
3.3 Saga 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga á Íslandi .....	7
<b>4 Ástæður og eðli eftirgjafa skulda</b> .....	<b>8</b>
4.1 Almennt um niðurfellingu eða eftirgjöf skulda .....	8
4.2 Myndun eignaauka.....	10
4.3 Verðlausar kröfur .....	10
4.4 Stofnverð eigna eftir eftirgjöf skulda.....	11
<b>5 Allsherjaruppgjör</b> .....	<b>11</b>
5.1 Greiðsluaðlögun.....	12
5.2 Nauðasamningar .....	13
5.3 Gjaldþrotaskipti .....	15
<b>6 Einstaklingsuppgjör</b> .....	<b>16</b>
6.1 Launagreiðslur frá vinnuveitenda .....	16
6.1.1 Kaupaukar innan íslenskra banka.....	17
6.2 Skuldir vegna atvinnurekstrar .....	19
6.3 Færanlegt rekstrartap .....	21
<b>7 Lokaorð</b> .....	<b>23</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>24</b>

# 1 Inngangur

Í kjölfar efnahagshruns eiga margir Íslendingar sífellt erfiðara með að láta enda ná saman. Í dag eiga að liggja fyrir mörg úrræði fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem eiga í rekstrarerfiðleikum. Ný úrræði sem eiga að leysa vandamál þessa málaflokks hafa litið dagsins ljós. Við eftirgjöf skulda er mikið vafamál hvernig meðhöndla skuli þá eftirgjöf skattalega séð. Margar raddir eru um meðferð eftirgjafarinnar skattalega en álit fyrirtækja og ríkisskattstjóra er ekki alltaf það sama.

Megintilgangur þessarar ritgerðar er að sýna fram á hvort eftirgjöf skuldar sé ætíð skattfrjáls og ef ekki við hvaða aðstæður myndast skattskylda við eftirgjöf skuldar.

Helsti útgangspunkturinn í ritgerðinni verður að vinna út frá 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Í 28. gr. tekjuskattslaga segir til um hvað teljist ekki til tekna og ber því ekki skattskyldu. Rannsóknarspurningin er því hvort öll eftirgjöf skulda teljist til skattskyldra tekna eða ekki með hliðsjón af 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Sýnt verður fram á við hvaða aðstæður unnt er að veita eftirgjöf skulda og til hvaða einstaklinga hún nær. Farið verður yfir þá þætti sem verða að vera til staðar til að unnt sé að veita eftirgjöf til einstaklinga auk þess sem að farið verður inn á þátt atvinnurekenda að einhverju leyti. Nauðsynlegt er að lýsa þróun hugtaka sem koma að þessu ferli og því verður farið í sögu tekjuskatts til að sýna hvernig áður nefnt ákvæði hefur orðið til og út frá hverju. Einnig verður farið í ástæður mikillar aukningar skulda hjá Íslendingum og hver staðan er hjá íslenskum heimilum í dag eftir efnahagshrun.

Til að varpa betur ljósi á rannsóknarspurninguna verður stuðst við lög um tekjuskatt ásamt þeim viðbótum sem við hafa bæst, lög um gjaldþrotaskipti og þá helst kafla um nauðasamninga og nauðasamninga til greiðsluaðlögunar ásamt viðbótum, helstu skrif Ásmundar G. Vilhjálmssonar um skatt á einstaklinga og eftirgjöf skulda ásamt greinum sem snerta málefnið beint á einn eða annan hátt.

Hagnýtt gildi verkefnisins er töluvert því ekki hafa verið skrifaðar margar ritgerðir fyrir sem varpa ljósi á það ferli sem liggur á bak við eftirgjöf skulda. Með verkefninu vonast höfundur til að sýna fram á við hvaða aðstæður eftirgjöf skulda telst ekki til tekna og hvenær skattskylda er ásamt því að sýna hvað er í raun verið að skattleggja ef svo ber undir. Auk þess vonast höfundur til að draga megi af ritgerðinni ákveðinn lærdóm.

## 2 Aukin skuldsetning íslenskra heimila

Undanfarin misseri hefur efnahagur heimila og fyrirtækja beðið hnekki vegna efnahagshruns hér á landi. Háar skuldir í erlendum gjaldmiðlum reyndust báðum aðilum þung byrði vegna lækkandi gengis íslensku krónunnar, samdrætti í eftirspurn hérlendis og minni tekjum og atvinnuleysi. Vegna lélegra efnahagsskilyrða minnkaði einkaneysla, eigur voru seldar á sama tíma og erlendar skuldir fóru upp úr öllu valdi vegna lækkandi gengis. Gögn frá Seðlabanka Íslands frá 2009 um fjárhagsstöðu heimila gaf þá niðurstöðu að um 23% íslenskra heimila væri í vandræðum og þörfuðust skuldaúrræða. Heimili sem urðu hvað verst úti voru með gengistryggð lán og því meira hætt við að lenda í greiðsluferfiðleikum. Eiginfjárstaða húsnæðiseigenda hefur versnað talsvert þar sem markaðsverð húsnæðis hefur lækkað en skuldir á sama tíma hækkað. Í ársbyrjun 2008 var hlutfall heimila sem skuldaði meira en þau áttu í eigin húsnæði 11% og var komið í um 20% við upphaf efnahagshruns (Fjármálastöðugleiki, 2010).

Þegar félagsleg staða fólks er skoðuð kemur í ljós að ungt fólk með börn er líklegra til að eiga í greiðsluferfiðleikum fremur en barnlaus heimili. Fjölda heimila í vanda fækkar eftir því sem að skuldara verða eldri. Það kemur ekki á óvart að vandamálið er algengast á heimilum með lágar ráðstöfunartekjur, einstæðum foreldrum og ungum foreldrum. Þegar skuldavandinn er skoðaður landfræðilega séð kemur í ljós að hann er hvað mestur á Suðvesturlandi þar sem uppbygging var hvað mest (Fjármálastöðugleiki, 2010).

Seðlabankinn kannaði getu heimila til að standa undir greiðslubyrði og lágmarksframfærslu og tók fyrir tímabilið frá byrjun árs 2008 til febrúar 2010. Miðað við tölur sem lágu fyrir í ársbyrjun 2008 þá var eitt af hverjum fimm heimilum líklegt til að eiga í vanda sem fólst í að ná ekki endum saman og/eða áttu minna en 50 þúsund krónur í afgang á mánuði eftir afborganir. Ástæða þessa var rakin til mikillar skuldsetningar heimila fyrir hrun og almenningur þar af leiðandi veikur fyrir stórum atburðum líkt og efnahagshrunið var. Til að stemma stigu við vandanum var boðið upp á frýstingu á afborganir og vexti af gengistryggðum lánnum og hefur það leitt til þess að hlutfall heimila í vanda fjölgaði ekki eins ört og hefði getað orðið (Fjármálastöðugleiki, 2010).

Frá efnahagshruninu hefur verið ljós þörf fyrir endurskipulagningu skulda fyrir heimili og fyrirtæki en það ferli tekur langan tíma vegna tafa í stjórnkerfi. Reynsla

annarra ríkja sem höfðu gengið í gegnum fjármálakreppu sýndi fram á mikilvægi þess að stjórnvöld komi að endurskipulagningunni því oft eru bankar og einkaaðilar ekki að tala sama tungumálið (Fjármálastöðugleiki, 2010).

## 3 Lög um tekjuskatt og eignarskatt

### 3.1 Upphaf tekjuskatts

Fyrsti raunverulegi tekjuskatturinn var tekinn upp á Englandi árið 1799 fyrir tilstuðlan William Pitt til að fjármagna stríðsrekstur. Sir Robert Peel tók hann aftur upp árið 1842 og hefur hann verið í gildi síðan þá í Englandi. Prússar voru fyrstir til að koma með almenn tekjuskattslög byggð á svokallaðri keldukenningu árið 1892. Árið 1921 voru Danir, Svíar, Norðmenn og Finnar allir komnir með tekjuskattslög. Samkvæmt þeim var tekið við tímabundnum tekjusköttum fyrir einstök verðmæti, erfðaskattar og annað sem voru notaðir til að fjármagna stríð og rekstur sveitarfélaga (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

Árið 1877 var fyrsti íslenski tekjuskatturinn lögfestur með lögum nr. 21/1877. Var hann í formi afraksturs- og ágóðatekjuskatts, eða hlutfall af afrakstri einstakra tekjulinda yfir árið. Tekjulindir á þeim tíma voru arðberandi eignir og atvinna í þágu annars aðila eða eigin rekstur. Á þessum tíma voru menn skyldugir til að greiða 4% tekjuskatt af öllum eignartekjum sem voru umfram 100 kr ári. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

Á þessum tíma voru eignatekjur allar tekjur sem hlutust af jarðeignum, tekjur af lausafé á leigu sem að hlaust af arði af skulda- og hlutabréfum, arðberandi höfuðstól eða leiga á útistandandi skuldum. Sjöunda grein tekjuskattslaga nr. 21/1877 sagði til um hvað taldist til tekna. Til tekna flokkaðuðust laun sem hlutust af hinum ýmsu atvinnugreinum, hlunnindi, biðlaun, lífeyrir og styrkir. Lögin voru vissulega tæmandi og tóku fyrst og fremst tillit til reglubundins flæðis tekna á arðberandi eignum og atvinnu. Ef ekki var minnst á það í lögum var það undanþegið skatti. Skattskyldan var takmörkuð og tekjuskatturinn mishár eftir hvers kyns tekjurnar voru, þ.e. eigna-, atvinnu-, rekstrar- eða launatekjur. Var þetta komið út frá þeirri hugmynd að auðveldara væri að afla skatttekna sem hlytust af eignaskatti heldur en skatti af launatekjum, ásamt minni kostnaði af öflun skattsins (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

Við setningu tekjuskattslaga árið 1917 geisaði fyrri heimsstyrjöldin og stjórnvöld ekki tilbúin að fara í miklar breytingar á skattkerfinu hér. Við lok stríðsins var lagt fyrir nýtt frumvarp til laga um tekjuskatt sem byggði að miklu leyti á eldri hugmyndum. Lög nr. 74/1921 teljast fyrstu almennu tekju- og eignarskattslög á Íslandi. Helstu breytingar fólust í skattlagningu í landbúnaði, sjávarútvegi og einnig á allar tekjur af atvinnu. Á sama tíma var áðurnefndu fyrirkomulagi um mismunandi skatt fyrir eignir og tekjur breytt. Almennur eignaskattur var tekinn upp og þar af leiðandi hærri skattur af eignum, tekjuskattur af öllum tekjum einstaklinga og fasteignaskattur. Rökin fyrir þessari skattlagningu voru þau að með þessari aðferð væri hægt að aðlaga skattinn vel að gjaldþoli hvers og eins skattgreiðanda (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

### **3.2 Nýir tímar í skattalögum á Íslandi**

Sett voru ný tekjuskattslög árin 1954 og 1962. Helsta efni þeirra var að tekjuskattur var ákvarðaður af skattanefndum sem tók fyrir skýrslur skattgreiðenda um tekjur. Skattanefndirnar voru síðar lagðar af og einn skattstjóri tók við árið 1954 og árið 1962 fleiri út á landi. Ríkisskattstjóri tók einnig til starfa og átti að sinna eftirliti og vera ráðunautur varðandi skatta.

Ný lög um tekjuskatt nr. 75/1981 tóku gildi og voru þau sambland af lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr 7/1980 sem var breyting á lögnum frá 1978. Líkt og áður var markmiðið að einfalda innheimtu skatta. Sköttum var ætlað að vera virkt stjórnæki í efnahagslífinu og auðvelda stjórnun á þenslu og samdrætti. Tekjuhugtakið var rýmra en áður og einstaklingar þurftu að sætta sig við tekjukelduskatt. Við þetta skipti uppruni teknanna engu máli varðandi skattskyldu eða hvort tekjur væru reglulegar eða tilfallandi Lögin voru því með rúmt tekjuhugtak frekar en þröngt. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

Þróun skattalaga hefur verið hröð frá árinu 1921 þegar tekjuhugtakið var skilgreint þröngt og náði eingöngu yfir reglulegar tekjur frá varanlegum tekjukeldum og öðrum tilfallandi tekjum sem féllu undir fyrirfram skilgreindan ramma yfir í að tekjur eru skattlagðar án þess að tekið sé tillit til regluleika og uppruna þeirra. Fyrir 1979 var hægt að skattleggja tekjur ef það var tilgreint í lögum yfir í það að núna eru tekjur eingöngu undanþegnar skatti ef það er sérstaklega tekið fram í lögum. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

Hvað varðar tekjuhugtakið þá tekur það litlum breytingum frá lögum nr. 74/1921 til laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 68/1971. Það er ekki vafaatriði í lögunum frá 1921 hvenær um tekjur væri að ræða og listinn um það tæmandi. Ef ákvæðið atriði var ekki á lista yfir tekjur átti ekki að skattleggja nema önnur grein segði til um það. Þegar lög frá 1921 og lög frá 1971 og skilgreiningar á tekjuhugtakinu eru bornar saman er munur. Í lögum frá árinu 1971 er búið að fella á brott skilgreininguna um regluleika eða uppruna teknanna. Hugtakinu gæði var bætt við greinina til að taka af allan vafa um að skattskylda sé ekki eingöngu bundin við laun, hagnað sem að hlýst af atvinnurekstri og arðs af eignum af öllu tagi. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

### **3.3 Saga 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga á Íslandi**

Til að skilja hvað liggur á bak við 28. grein tekjuskattslaganna verður að varpa ljósi á hvenær ákvæðið var fyrst sett og út frá hvaða tilgangi. Ákvæðið sjálft kemur fyrst fyrir í lögum nr. 6/1935 í 9.gr. c-lið við skilgreiningu á hvað taldist ekki til tekna og er svohljóðandi (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2010).

Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda sem sannast hefur um við gjaldprot, nauðsamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef uppgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi (Lög nr. 6/1935, c-liður. 9. gr.).

Hvað tilgang varðar með setningu greinarinnar er lítið að finna í upprunalegu lögunum frá 1935. Með setningu laga er verið að taka af flest tvímæli sem koma upp við túlkun þeirra. Í frumvarpi að setningu laganna kemur þó fram að með setningu ákvæðis um eftirgjöf skulda teljist hún ekki til tekna en þó með takmörkunum og til hliðsjónar framkvæmd skattalaga hingað til. Því er hægt að draga þær ályktanir að verið sé að festa ákveðna framkvæmdareglu í þessum efnunum. Ásmundur G. Vilhjálmsson dregur meðal annars þá ályktun að skattyfirvöld hafi litið fram hjá eftirgjöf skulda við skattlagningu nema eftirgjöfin væri meiri en skuldir og myndaði eignaauka eftir að verðlausar kröfur liggja í valnum (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2010).

Ákvæðið sem var sett í lög nr. 6/1935 hélst óbreytt þangað til tekjuskattslög nr. 40/1978 litu dagsins ljós, síðar lög nr. 75/1981 og að lokum nýjustu lögin nr. 90/2003 sem má sjá hér fyrir neðan.

Eignaauki [eða aukning ráðstöfunartekna]<sup>1)</sup> sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðsamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila. [Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í samningi um greiðsluáðlögun samkvæmt lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga eða nauðsamningi



til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð2) sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.3) (Lög nr. 90/2003, 3.tölul.28.gr.).

Þegar ákvæðið í lögnum frá 1935 og 2003 eru borin saman er munur þar á. Eldra ákvæðið tók til bæði einstaklinga og fyrirtækja en núverandi lög eingöngu einstaklinga, að því gefnu að skuldirnar séu ekki tilkomnar af atvinnurekstri hjá einstaklingi. Undanþágan hefur auk þess verið þrengd frá því að ná yfir gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan hátt yfir í eingöngu nauðasamninga. Í síðasta lagi er búið að fella niður forgangsreglu sem átti við árið 1935 og því ekki lengur heimil skattlagning eftirgjafar launagreiðenda, fyrirtækis o.fl á skuldir launþega, hluthafa og fleiri aðila við gerð nauðasamninga (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2010).

Í eldri lögum frá 1935 var notast við skýringarreglu sem átti að taka af allan vafa um að verðlausar kröfur flokkuðust aldrei undir tekjur og því ætti ekki að borga skatt af þeim. Í lögum frá 1978 var efnisreglan komin til sögunnar sem hefur það hlutverk að undanþiggja tekjur sem annars væru skattskyldar frá skattlagningu hjá einstaklingum. Auk þess var gjaldþrot tekið úr fyrri upptalningu um tilvik þar sem skattleysi nyti við því að eignaauki myndaðist nánast aldrei við gjaldþrot og því talið óþarfi að hafa það í upptalningunni. Í stuttu máli er hægt að segja að breyting fyrir kröfur sem hafa verið var engin fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki fyrr en lögin komu árið 1978. Við það urðu einstaklingar undanþegnir skatti við eftirgjöf skulda við nauðasamninga þó að það kæmi til þess að eigið fé yrði jákvætt. Enn og aftur náði þetta eingöngu til einstaklinga og því taldist eftirgjöf skulda hjá fyrirtækjum enn að fullu til tekna hjá þeim (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2010).

## **4 Ástæður og eðli eftirgjafa skulda**

### **4.1 Almennt um niðurfellingu eða eftirgjöf skulda**

Við niðurfellingu skulda þarf skuldari ekki að greiða skuld sem hann stofnaði til upphaflega. Skuldari er betur settur fjárhagslega eftir niðurfellingu en spurningin er hvort það teljist honum til tekna. Sem dæmi er hægt að stilla upp aðstæðum fyrir skuldara A. Þegar eignir og skuldir A eru teknar saman kemur í ljós að A er með neikvæða eiginfjárstöðu. Fyrir liggja eignir að upphæð 50 milljónir að markaðsvirði og skuldir hans nema 60 milljónum. Frumvarp að greiðsluaðlögun er samþykkt þar sem

kröfuhafar A fallast á að afskrifa 12 milljónir af skuldum A (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2010).

Eftir eftirgjöfina er eignaauki A, 2 milljónir. Þegar áhrif eftirgjafarinnar eru skoðuð kemur ljós að 10 milljónir af eftirgjöfinni er verðlaus því A er ekki borgunarmaður fyrir þeim hluta. Íslensk tekjuskattslög segja að einstaklingum beri að greiða skatt af gæðum sem þeim hlotnast og hægt að meta til verðs og hið sama gildir um skuldir. Hið sanna verðmæti kröfu ræðst af greiðslugetu skuldara frá þeim degi sem skuld er gefin eftir. Ef skuldari getur ekki greitt kröfuna á þeim degi er raunverulegt verðmæti kröfunnar einfaldlega ekkert, 0 krónur eða verðlaus. Afleiðingar eftirgjafar hafa því engin áhrif á skattskyldu skuldara. Þetta á einnig við þegar fyrirtæki eru með verðlausar kröfur. Íslensk tekjuskattslög eru skýr og heimila niðurfellingu skulda einstaklinga ef eignaauki myndast eða ráðstöfunartekjur aukast. Samkvæmt þessu eru því 10 milljónir undanþegnar skatti auk 2 milljóna eignaauka, samtals 12 milljónir (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2010).

Þegar um er að ræða skuldir einstaklinga sem stunda ekki rekstur er eftirgjöf skuldar skattfrjáls að gefnum ákveðnum skilyrðum. Regluna um undantekningar ber að túlka þröngt samkvæmt lögskýringarreglu. Undantekningu er að finna í 3. tölulið 28. gr. tekjuskattslaga. Áður en ákvæðinu var breytt með lögum nr. 46/2009 gildi sú regla að ekki bæri að flokka eignaauka sem myndaðist í kjölfar eftirgjafar skuldar vegna nauðasamninga sem tekjur. Með breytingunni voru lögfestar fleiri undantekningar á því að eftirgjöf á skuld bæri að flokka sem tekjur ef einstaklingur væri ekki í atvinnurekstri. Við breytinguna var eftirgjöf skulda ekki talin til tekna ef skuldari hefði gengið í gegnum gjaldþrot, nauðasamninga eða nauðsamninga til greiðsluáðlögunar. Þetta átti einnig við ef tókst að færa sönnur á að eignir væru ekki til fyrir skuldum (Elín Elma Arthursdóttir, 2010).

Reglugerð nr. 534/2009 er ætlað að hnykkja enn betur á áður nefndum lögum hvað varðar eftirgjöf skulda einstaklinga sem hafa ekki með atvinnurekstur að gera. Samkvæmt reglugerðinni er skattskylda engin þótt eignaauki myndist við sömu samninga og áður hafa verið nefndir og eru í 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga eða ef aukning verður á ráðstöfunartekjum á sama tíma. Sönnun verður að liggja fyrir hvenær eignir ganga ekki upp í skuldir og það telst fullsannað þegar ítrekað hafa verið gerðar árangurslausar innheimtutilraunir, þ.e. árangurslaust fjárnám eða allar eignir skuldara eru yfirveðsettar og/eða fullsannað að skuldari og/eða maki hans sé ófær um að greiða

skuld. Til að skuld sé eftirgefin verður að liggja fyrir hlutlægt mat á fjárhagslegri stöðu skuldara og maka ef hans nýtur við og því er málið ekki eingöngu í höndum kröfuhafa. Megininnihald reglugerðarinnar sýnir að þrátt fyrir eignaleysi eða ófærni til greiðslu, þó menn geti vissulega átt eignir en þær geta verið yfirveðsettar. Þetta ítrekar aftur þá kröfu að nauðsynlegt sé að meta hvert atvik eða aðstæður hverju sinni til að skera úr um hvort skattskylda hvíli á aðilum (Elín Elma Arthursdóttir, 2010).

## **4.2 Myndun eignaauka**

Eignaauki sem myndast vegna eftirgjafar skulda sem koma til vegna nauðsamninga telst ekki til tekna að því gefnu að skuldarnar hafi ekki myndast við atvinnurekstur aðila. Þetta er megininntakið sem kemur fyrir í 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Þegar hrein eign eykst við aukningu á heildareignum umfram heildarskuldir myndast eignaauki. Ef ekki verður aukning á hreinni eign við eftirgjöfina telst hún ekki til tekna því skattaðili á samt ekki fyrir skuldinni. Við þetta er hægt að segja að krafan sé verðlaus. Ef raunin er sú að krafa sé verðlaus breytir í raun engu ástæða þess að skuld sé gefin eftir. Þetta ákvæði á því við þegar að um er að ræða eftirgjöf skulda við nauðsamninga, nauðungaruppboð og gjaldþrotaskipti (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

Hið sama er ekki upp á teningnum þegar um er að ræða eftirgjöf á skuld sem skattaðili hefur að láni, enda ekki um fjárskuld að ræða. Þegar um eign er að ræða og kröfuhafi gefur eftir skuld sem hefur orðið til í sambandi við sölu á eign, er rétt að lækka stofnverð sem nemur eftirgjöf skuldarinnar eins og segir í 2. mgr.10.gr. tekjuskattslaga. Ef eignin er síðar seld með hagnaði af skattaðila telst hagnaðurinn af sölu eignarinnar ætíð til tekna hjá viðkomandi aðila. Þetta ákvæði gildir samt alfarið við kaup á varanlegum rekstrarfjárumunum (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

Ef eftirgjöf skulda flokkast ekki sem tekjur hjá skattaðila er ekki heimilt að endurákværða skatta frá fyrra ári, óháð því hvort að eftirgefinni skuld hafi verið eytt til einkaparfa. Það er einnig óheimilt að endurákværða vaxtabætur, sem skattaðili hefur notað eftir að skuld hefur verið eftirgefin (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

## **4.3 Verðlausar kröfur**

Ef réttar leiðir eru farnar samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti þá telst eftirgjöf skulda hjá einstaklingu aldrei til tekna. Við eftirgjöf skulda hjá einstaklingum og fyrirtækjum verður aftur á móti að greina á milli verðlausra og verðmætra krafna. Verðmæti

myndast við eftirgjöf skulda við aukningu á eigin fé sem fer yfir skuldir og ber að tekjufæra nema aðrar reglur eigi við og kemur þetta út frá þeirri meginreglu úr 7. gr. tekjuskattslaga um að það beri að skattleggja efnahagsleg gæði sem metin eru til peningaverðs. Verðmætar kröfur eru þær kröfur sem hafa efnahagslegt gildi því skuldara er unnt að borga þær. Flokkist skuldin aftur á móti sem verðlaus, sem gerist þegar eigið fé fyrirtækis er neikvætt þrátt fyrir að eftirgjöf hafi átt sér stað breytir það engu um skattskyldu því engin efnahagsleg gæði hafa myndast (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2010).

Ef skuldari er með neikvæða eiginfjárstöðu mun krafan alltaf vera verðlaus nema í því tilviki að eignaauki þurrki út allar skuldir. Fyrir lánadrottinn er það sama upp á teningnum því fyrir lánadrottni er krafan töpuð og því verðlaus. Báðir aðilar eru í hlekkjum vegna þessa ástands.

#### **4.4 Stofnverð eigna eftir eftirgjöf skulda**

Þegar upp er staðið eru lán veitt til margra hluta þar sem lán getur farið til neyslu eða til kaupa á fastafjármunum. Þetta er mikilvægt þegar lagt er mat á skattaleg áhrif við niðurfellingu á skuld sem ekki er töpuð. Ástæðuna má sjá hér fyrir neðan.

Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ.e. kaup- eða framleiðsluverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, afsláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur (Lög nr. 90/2003, 2. mgr. 12. gr).

Út frá þessu má sjá að við eftirgjöf skulda ber viðeigandi aðilum að færa stofnverð niður ef eign liggur að baki við eftirgjöf skulda. Það er því ætíð spurning hvort rétt sé að færa niður stofnverð eigna eftir niðurfellingu því að eftir frádrátt stendur eftir hið rétta verð til að færa á móti tekjufærslunni sem myndast. Þó liggja ekki fyrir úrskurðir um þetta nema í tengslum við aðflutningsgjöld (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2009).

Aftur á móti ef að eign er síðar seld með hagnaði getur komið upp sú staða að greiða þurfi skatt síðar af eftirgjöf skuldarinnar því hagnaður telst til tekna. Framkvæmdin við þetta á þó eingöngu við kaup á varanlegum rekstrarfjármunum (Ásmundur G. Vilhjálmsson).

### **5 Allsherjaruppgjör**

Þegar ljóst er að skuldari getur ekki borgað skuldir sínar hefst ákveðið ferli þar sem skuldari sleppur við greiðslu sem hann hefði ella borgað ef hann hefði haft efni á því.

Við þessar aðstæður fer fram allsherjaruppgjör á eignum og skuldum viðkomandi skuldara. Uppgjörið fer þá fram í gegnum greiðsluáætlun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti. Þessar aðstæður eiga það sameiginlegt að allir kröfuhafar standa jafnir og engar deilur eru um rétt verðmæti krafna sem um ræðir. Eftir uppgjör af þessu tagi er hægt að ganga út frá því að þær kröfur sem standa eftir eru sannanlega tapaðar. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2009).

Við allsherjaruppgjör eru heildareignir og heildarskuldir einstaklings eða fyrirtækis gerðar upp á sama tíma. Við þessar aðstæður er það aldrei vafaatriði hvert eigið fé er. Úrræðin sem fara hér á eftir eru í þeirri röð þar sem skuldari hefur meira frelsi í greiðsluáætlun heldur en við nauðasamninga þar sem hendur hans eru bundnar að miklu leyti.

## 5.1 Greiðsluáætlun

Þann 31. mars 2009 var samþykkt viðbót við lög um gjaldþrotaskipti eða lög nr. 24/2009, Lög um breytingu á lögum um gjaldþrotaskiptaskipti eða greiðsluáætlun. Bætt var við nýjum kafla eða X kafla a, Greiðsluáætlun og felst í nýu, nýjum greinum í lögum um gjaldþrotaskipti undir 63. grein og svipar til laga um nauðasamninga. Einstaklingar geti leitað nauðasamnings til greiðsluáætlunar ef þeir geta sýnt fram á að vera ófærir til að standa við skuldbindingar sínar í nánustu framtíð. Lögin ná ekki til einstaklinga sem hafa verið í atvinnurekstri sl. 3 ár og borið ótakmarkaða ábyrgð á þeim rekstri, óháð því hvort þeir hafi verið einir í því verkefni eða í samstarfi við aðra, nema atvinnureksturinn sé hættur og hluti skulda út frá rekstri sé óverulegur hluti af heildarskuldum einstaklings (Lög nr 21/1991, 63.gr.b.).

Skuldari sem óskar eftir heimild til greiðsluáætlunar skal líkt og í nauðsamningum skila beiðni um það skv. því sem segir í 7.gr og 1.,3. og 4. tölul. 34.gr. laga um gjaldþrotaskipti. Með heimildinni skal fylgja greiðsluáætlun og gögn sem staðfesta upplýsingar í henni, vottorð um hjúskaparstöðu og stærð fjölskyldu og skattframtöl síðustu fjögurra ára (Lög nr. 21/1991, 63.gr.c.).

Greiðsluáætlun skal vera nákvæm og innihalda eftirfarandi. Í fyrsta lagi verður að koma fram hverjar núverandi tekjur skuldara eru og annarra heimilismeðlima, óháð tilurð þeirra og hvort ástæða sé til að ætla breytingar á núverandi tekjum eða atvinnuhögum. Í öðru lagi hvort skuldari muni fá fé úr öðrum lindum en vegna tekna t.d. vegna sölu á eignum eða vegna fjár frá öðrum. Í þriðja lagi, verður að sýna fram á

fjárhæð allra skulda sem eru fallnar í gjalddaga og eins ógjaldfallinna skulda. Sýna skal fram á afborgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu og koma fram óháð því hvort þær snerti greiðsluáðlögunina. Í fjórða lagi skal skila framtíðaráætlun sem sýnir mánaðarleg útgjöld hjá skuldara og annarra heimilismeðlima að meðtali til að standa straum af framfærslu, opinberum gjöldum, húsaleigu og afborgunum af skulda sem hafa veð í íbúðarhúsnæði eða öðrum eignum skuldara sem hann ætlar að eiga áfram. Í fimmta og síðasta lagi hvaða ályktun sé unnt draga af þeim þáttum sem komnir eru og öðru sem skiptir máli til að afborgunarfjárhæð verði af samningskröfum, tímabil greiðslu og með hvaða hætti greiðslurnar verða og hvort eða þá hvaða trygging verði sett fyrir skuld (Lög nr. 21/1991, 63.gr.c.).

Greiðsluáðlögun er vægasta mögulega úrræðið fyrir skuldara. Við þetta eru allar eignir og skuldir teknar saman að reynt að fá hlutfall skulda felldar niður án þess að eignir tapist. Skuldara er einnig tryggður réttur til búsetu í húsnæði ef að það á við en hann missir að hluta til frelsi með eigin tekjur því að hann fær eingöngu peninga til að standa undir einföldum heimilisrekstri.

## **5.2 Nauðasamningar**

Nauðasamningur felur í sér samning um greiðslu skulda eða eftirgjöf af skuldum sem felst í samkomulagi milli skuldara og lánadrottna hans. Það samkomulag krefst staðfestingar fyrir héraðsdómi og bindur lánadrottna skuldarans að nokkru leyti (Lög nr. 21/1991, 27.gr).

Samningskröfur nefnast kröfur á hendur skuldara sem eru ekki undanþegnar áhrifum nauðasamningsins og falla þar af leiðandi ekki niður vegna ákvæða 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Nauðasamningur felur í sér breytingar á samningum sem skuldari og lánadrottinn hefur gengist við. Sú breyting getur falist í algerri eftirgjöf skulda, hlutfallslegri lækkun eða gjaldfrest á skuldum, breytt form greiðslu eða öll síðustu þrjú atriðin sem eru nefnd hér. Nauðasamningur kveður ekki á um mismikla eftirgjöf skulda. Samningurinn má hins vegar kveða á um að einn eða fleiri tilteknir lánadrottnar veiti meiri eftirgjöf en aðrir ef samþykki þeirra liggur fyrir (Lög nr. 21/1991, 29.gr).

Allar kröfur falla í gjalddaga þegar nauðasamningur er samþykktur án tillits til samninga, laga eða annarra reglna. Þegar lánadrottinn á fleiri en eina kröfu á hendur skuldara, eru fjárhæðir skuldanna lagðar saman og telst heildarfjárhæðin sem ein

samningskrafa. Þá er ekki tekið tillit til uppruna krafanna eða annarra atvika. Skuldari getur óskað eftir því að einhverjir lánadrottnar veiti honum meiri ívilnun en aðrir lánadrottnar (Lög nr. 21/1991, 30.gr.). Skuldari verður samt sem áður að geta þess í frumvarpi að nauðasamningi hver sú ívilnun er og hvort hún víki frá almennum skilmálum frumvarpsins (Lög nr. 21/1991, 3.mgr. 36.gr.).

Lánadrottnar sem geta sýnt fram á að þeir eigi samningskröfur á hendur skuldara skulu lýsa þeim yfir við nauðasamningsumleitanir skv. 4. mgr. 45. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Þeir lánadrottnar eiga atkvæðarétt um nauðasamning nema þeir séu nákomnir skuldara og fari með skilyrtar kröfur þar sem skilyrði er ekki komið fram (Lög nr. 21/1991, 33.gr.).

Æski skuldari heimildar til nauðasamnings þarf hann að útbúa beiðni skv. 7.gr. laga um gjaldþrotaskipti. Liggja þarf fyrir greinargerð þar sem skuldari gerir grein fyrir aðstæðum sínum á sem bestan hátt, sérstaklega þó hvað hafi valdið skuldastöðu hans, hvað valdi því að hann geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, á hvaða forsendum samningsboð hans hafi verið ákveðið og hvernig hann ætli að uppfylla kröfur sem eru settar á hann þar af leiðandi. Einnig þurfa að fylgja skýringar við frumvarp að nauðasamningnum, nákvæm upptalning eigna skuldara og þar af leiðandi áætlað verðmæti þeirra ásamt nákvæmri upptalningu skulda hans og fjárhæð þeirra og síðast hvort ráðstafanir hafi verið gerðar sem gætu ollið því að nauðasamningi yrði hnekkt (Lög nr. 21/1991, 34.gr.).

Frumvarpið að nauðasamningi þarf að kveða á um ákveðna hluti. Í fyrsta lagi hversu mikið skuldari býðst til að borga af samningskröfunum og í hvers kyns formi það kann að vera. Í öðru lagi hvenær greiðslur muni eiga sér stað. Í þriðja lagi hvort og hvaða vextir verði greiddir frá því að nauðasamningur kemst á og til gjalddaga. Í fjórða lagi hvort trygging sé sett fyrir því að samningur sé efndur. Um leið og beiðni um nauðasamning er til staðar skal héraðsdómari taka fyrir heimildina og ákvarða hvenær skuli taka hana fyrir dómi. Úrskurðað er um heimild til nauðasamnings þegar gagnaöflun er lokið og dómari telur öllum skilyrðum fullnægt (Lög nr. 21/1991, 36.gr.).

Við þetta úrræði er um að ræða seinasta úrræði áður en að gripið er til gjaldþrotaskipta. Þetta er strax betra úrræði því að hér er skuldari í betri samningsstöðu því hann hefur meira að segja um eigin framtíð. Skuldara eru þó settar strax þröngari skorður

### 5.3 Gjaldþrotaskipti

Þegar skuldari getur ekki staðið í fullum skilum við lánadrottna sína og útséð með lausn þess vandamáls getur skuldari krafist þess að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta (Lög nr. 21/1991, 64. gr.). Lánadrottinn getur einnig krafist þess að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í fyrsta lagi ef tilraun til fjárnáms, löggeymslu og kyrrsetningu eigna hefur mistekist. Í öðru lagi ef greiðslustöðvun hjá skuldara hafi fallið niður. Í þriðja lagi ef heimild skuldara til að leita nauðsamninga hafi fallið niður. Í fjórða lagi ef skuldari lýsir yfir að hann geti ekki staðið í skilum (Lög nr. 21/1991, 65. gr.).

Hvað varðar þýðingu gjaldþrotaskipta fyrir skuldara þá eru þau víðtæk. Þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti frá héraðsdómi liggur fyrir renna öll fjárhagsleg réttindi sem skuldari naut eða átti til þrotabús nema aðrar reglur hamli því. Allar fjárhagslegar skyldur sem áður hvíldu á skuldara flytjast til þrotabús (Lög nr. 21/1991, 74. gr.). Þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti er endanlega lagður fyrir ber að skipa skiptastjóra sem uppfyllir ákveðin skilyrði. Skiptastjóri sér um þau störf sem falla til varðandi þrotabúið og er með forræði þess. Honum ber að taka á móti kröfum frá lánadrottnum innan tilskilins tíma (Lög nr. 21/1991, 79. gr.).

Mikilvægasta hlutverk skiptastjóra er að ljúka skiptum þrotabúss án tafar. Það felst í því að allar eignir og réttindi eru talin og ráðstafað á sem hagkvæmasta hátt. Skiptastjóra ber að innheimta kröfur og innistæður en á sama tíma fara með varúð til að verðgildi þeirra haldi sér. Einnig skal gera ráðstafanir varðandi geymslu fjármagns sem kemur til og það skal liggja á reikningi með bestu fáanlegu vöxtum að teknu tilliti til áætlaðs tíma skiptanna (Lög nr. 21/1991, 122. gr.).

Skuldara er skylt að vera í samskiptum við skiptastjóra og veita honum viðeigandi upplýsingar sem varða gjaldþrotaskiptin. Skiptastjóri þarf að fá allar upplýsingar um eignir skuldara frá honum sjálfum, aðilum tengdum honum og fjármálastofnunum sem hafa tengsl við skuldara vegna viðskipta (Lög nr. 21/1991, 82. gr.). Þrátt fyrir að skuldara beri að gera skrá yfir allar eignir sínir ber skiptastjóra aftur á móti líka skylda til að ganga úr skugga um allar eignir og réttindi sem tilheyra viðkomandi þrotabúi og í hvaða umsjá viðkomandi eignir eru. Skuldari er þá tafarlaust sviptur þeim eignum og réttindum til að koma í veg fyrir að þær glatist og farið með þær á óheimilan hátt (Lög nr. 21/1991, 87. gr.).



Það er því ljóst að hendur skuldara eru að miklu leyti bundnar þar sem skuldari hefur minna að segja um sín málefni. Skuldari er sviptur réttindum sínum til að ráðstafa eigin eignum og öðru lausafé. Öll ráðstöfun eigna er í höndum skiptastjóra sem er talsverður munur frá greiðsluaðlögun og nauðasamningum. Hann er háður mati ótengdra aðila hvað varðar verð á kröfum og annað.

Við þessa sviptingu eru eignir og annað lausafé látið ganga upp í skuldir. Við gjaldþrotaskipti er skuldari verr staddur heldur en við greiðsluaðlögun og nauðasamninga sammingslega séð.

## **6 Einstaklingsuppgjör**

### **6.1 Launagreiðslur frá vinnuveitenda**

Eftirgjöf atvinnurekenda á skuld starfsmanns flokkast sem tekjur og ber að meðhöndla sem launahlunnindi. Það hvort kröfuhafi sé einkaaðili eða opinber aðili breytir engu varðandi skattlagningju eftirgjafar. Skattar opinberra aðila eru undanþegnir skattskyldu þegar um eftirgjöf er að ræða við ákveðin skilyrði (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

Í 7. gr. laga um tekjuskatt er tekið fram hvað eru skattskyldar tekjur en það eru efnisleg gæði, arður, laun eða hvers kyns hagnaður sem fellur í hlut skattaðila og hægt er að meta til peningaverðs og er alveg óháð formi. Allar tekjur óháð formi þeirra eru því skattskyldar nema annað sé tekið fram í lögum um tekjuskatt. Tekjum er skipt í flokka frá A til C, þar sem að A er einstaklingstekjur, B er fyrir tekjur sem koma frá rekstri og C er fyrir fjármagnstekjur eins og söluhagnað sem kemur ekki út frá rekstri. Í C-lið er tekið skýrt fram að aðrar tekjur eða annað sem hafi ígildi tekna skuli teljast til tekna nema það sé undanskilið í öðrum hlutum tekjuskattslaga. Það helsta sem vekur athygli við 1.mgr.1.tölul.A-liðar 7.gr. tekjuskattslaga eru aðrar hliðstæðar greiðslur sem eru starfstengdar, fríðindi og ýmis hlunnindi, eða framlög og gjafir þar sem er augljóst að um sé að ræða kaupauka. (Elín Elma Arthúrsdóttir, 2008).

Reglugerð nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt dýpkar skilning á hugtakinu kaupauki og er enn í fullu gildi. Í öðrum kafla skattmats fyrir árið 2008 kemur fram að aðili sem fær vaxtalaust lán hjá laungreiðenda eða fyrir tilstuðlan hans skal telja vaxtahagræðið fram sem laun. Hið sama á við um greiðslufrest af afborgunum sem koma til vegna kaupa á hlutabréfum. Um er að ræða tekjur í skilningi

tekjuskattslaga skv. 7.gr. tekjuskattslaga og því ber að fara eins að með skattlagningu líkt og launatekjur. (Elín Elma Arthúrsdóttir, 2008).

Þegar 3. tölul. 28.gr. tekjuskattslaga er skoðaður í kjölinn er þörf á að leita í tengdar reglugerðir eins og reglugerð nr. 245/1963. Í 6. tölul. 20. gr. þeirrar reglugerðar kemur fram að við eftirgjöf skulda er arður frá hlutafélagi, kaupaukar og gjafir í skilningi laganna tekjur. Ef tekið er mið af þessu þá eru lán þar sem lánveitandi er á sama tíma að veita atvinnu, skattskyld og ber að meðhöndla á sama hátt og laun. Þó er sá fyrirvari á þessu sá í fyrsta lagi að eftirgjöfin sé samhliða nauðasamningi eða gjaldþroti hjá viðkomandi aðila og við það myndast ekki skattskylda. Í öðru lagi skiptir máli í hvaða tilgangi fé sem kom frá lántöku hefur verið varið, þ.e. í atvinnurekstri eða til annarra nota. (Elín Elma Arthúrsdóttir, 2008).

Lögin eru skýr hvað varðar eftirgefin laun og önnur hlunnindi frá vinnuveitenda. Skattaðila ber að standa skil á sínu og það kemur fram í reglugerðum og lögum sem að ná marga áratugi aftur í tímann og ekki hægt að efast um réttmæti þeirra í dag.

### **6.1.1 Kaupaukar innan íslenskra banka**

Á góðæristímum í fjármálageiranum nutu ákveðnir starfsmenn fjármálafyrirtækja kjara sem voru ekki á færi hins almenna lántakanda og viðskiptavina banka meðal annars hvað varðar vaxtakjör. Háttsettir starfsmenn gátu notfært sér kúlulán sem þeim buðust til að kaupa hlutabréf í þeim bönkum sem þeir störfuðu við. Starfsmenn gátu sleppt því að kaupa bréf ef vitað væri að verðmæti bréfanna myndi valda þeim tapi og höfðu samning undir höndum þess efnis. Á meðan á góðærinu stóð græddu hluthafar stórar fjárhæðir en nokkrum árum síðar sátu skuldarnar einar eftir og eignir ef einhverjar voru þá verðlitlar eða í versta falli verðlausar. (Aðalsteinn Hákonarson, 2009).

Þrátt fyrir að kjörin hafi verið talsvert betri en stóð almenningi til boða kröfðust lögmenn, ráðgjafar og aðilar innan stjórnarsýslunnar að lánin yrðu felld niður og að þau væru skattfrjáls. Það að fá niðurfellingu skulda hjá lögaðila skýtur skökku við þegar lögaðili er alltaf skattskyldur. Þetta á ekki að vera nýtt af nálinni því að allar tekjur sem hafa verið innleystar hjá fyrirtæki eru skattskyldar. Fyrir utan að tekjur hjá einum viðskiptaaðila eru gjöld hjá öðrum. Hvað er það samt sem hefur þau áhrif í atvinnulífinu að niðurfelldar skuldir eigi samt að bera skatt? Ef vel hefði verið staðið að hlutunum ættu að vera eignir sem gætu komið á móti þeim skuldum sem standa eftir

og því engin þörf á niðurfellingu. Ef eignirnar hefðu gufað upp eða fyrirtæki verið rekið með tapi ætti samt sem áður að vera til staðar skattalegt tap sem hægt væri að skuldajafna á móti tekjum sem kæmu til vegna niðurfellingar. Þetta er aftur á móti ekki að gerast því að fyrirtæki hafa verið skuldbundin til að greiða arð til hluthafa út frá fyrirfram gefnum forsendum en innistæðan var engin til að greiða arðinn út og eignir sem hurfu mynduðu ekki tap sem hægt væri að færa til skattalegs frádráttar. Í dag er staðan oft sú að engar eignir eru á móti niðurfellingu skulda þrátt fyrir að um sé að ræða milljarða og enginn skattafrádráttur komi til við það. Við niðurfellingu eða afskrift skuldanna myndast líka tekjur sem eru skattskyldar þegar um er að ræða lögaðila sem ber að greiða fjármagnstekjuskatt af. (Aðalsteinn Hákonarson, 2009).

Seinnihluta árs 2010 var kveðinn upp dómur yfir Bjarka Diego í héraðsdómi Reykjavíkur. Upphafleg málsatvik voru þau að Bjarki var starfsmaður í banka og naut í starfi sínu kaupréttarsamnings og söluréttarsamnings vegna starfa sinna. Báðum samningum fylgdu einnig takmarkanir en líka réttinda sem hlutust af eign hans yfir hlutabréfunum. Á árunum 2004 og 2005 voru endurákvörðuð opinber gjöld fyrir viðkomandi tekjuár. Forsendan fyrir endurákvörðun opinberra gjalda Bjarka var sú að samningar sem höfðu myndast á milli Bjarka og bankans fólu í sér kaupréttarútfærslu sem ætti að bera skatt vegna hækkunar á verðgildi bréfanna sem varð á meðan að söluréttur var til staðar. Sölurétturinn var þá samkvæmt skattyfirvöldum, laun. Stefnandi reyndi að vísa til þess að samkvæmt reglugerð frá 1963, tekjuskattslögum og fleiri réttarheimildum væri ekki ástæða fyrir endurákvörðun skatta hans út frá umræddum samningum. Enn fremur var að sögn stefnanda enginn hagnaður út frá umræddum viðskiptum. (Guðrún Jenný Jónsdóttir, 2010).

Mikilvægasta mótbára stefnanda að mati höfundar er samt sú að hann taldi að ríkisskattstjóri ætti að beina kröfum sínum til bankans sjálfs sem hefði átt að halda eftir staðgreiðslu af áætluðum launatekjum. Síðar kom í ljós að samkvæmt samningum sem stefnandi gerði við bankann að öll skattskylda sem kæmi til myndi síðar hvíla á honum.

Eftirfarandi kom fram í dómi héraðsdóms í umræddu máli.

Ekki verður framhjá því litið að tilgangur fjármálagerna þeirra sem gerðir voru var sá að þeir virkuðu sem kaupauki fyrir stendanda jafnframt því að hann eignaðist hlutina skyldi hann tryggður fyrir hugsanlegri verðlækkun þeirra. Þá lánaði bankinn honum allt andvirði bréfanna og skyldu lánin endurgreidd í lok samningstíma. Samkvæmt samningunum átti stefnandi val um það að liðnum 3 árum hvort hann ætti hlutina áfram eða seldi þá en í hvoru tilvikinu um sig gerðu samningarnir ráð fyrir því að stefnandi

greiddi lán það sem hann hefði fengið til kaupanna. Fólst í þessu að stefnandi var í aðstöðu til að afla sér tekna sem myndast kynnu við mismun verðs hlutanna er sölurétturinn félli úr gildi en áhætta hans vegna lækkunar verðs var engin.

Hægt er að ganga að því vísu að fleiri mál komi upp í kjölfar þessa úrskurðar. Þetta er stórt mál í íslensku samfélagi í dag því fjöldi starfsmanna fjármálafyrirtækja og banka hafa notið afskrifta á lánum sem að upphaflega voru tekin til kaupa á hlutabréfum í viðeigandi stofnun (Eyjan, 2010).

Að vissu leyti ríkir samt ákveðin biturð enn í samfélaginu frá ríki og einkaaðilum. Þetta er aftur á móti gott tækifæri fyrir eigendur fyrirtækja að líta til baka og skoða hvað liggur að baki tölum á blaði. Eftir hrun standa eingöngu skuldir eftir en engar eignir. Þær eignir sem að voru til staðar og blésu upp efnahagsreikninga voru í formi aðkeyprar viðskiptavildar og fagurlega skreyttum ársreikningum. Stefnanda mátti samt sem áður vera ljóst að samkvæmt skattmati og eigin samningi var það hann einn sem að bæri skattskyldu.

## 6.2 Skuldir vegna atvinnurekstrar

Atvinnurekendur hafa sérstakan sess í ákvæði 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga á þá leið að eftirgjöf skulda sem myndast við atvinnurekstur telst alltaf til tekna og ber því að skattleggja þær eftirgjafir, óháð því hvort eignaauki myndast eða ekki (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

Undir lok mars 2009 voru samþykkt ný lög nr. 24/2009 sem var viðbót við fyrirliggjandi lög um gjaldþrotaskipti frá árinu 1991. Nýja viðbótin sem var bætt við 63. gr. laganna segir til um að einstaklingur sem sýnir fram á með sannfærandi hætti að hann sé og verði ófær um ófyrirséða framtíð með að standa við skuldbindingar sínar, sé heimilt að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Greiðsluaðlögun var hugsuð sem leið fyrir almenna launþega en ekki fyrir einstaklinga í sjálfstæðum rekstri nema að þeim rekstri hafi verið hætt og lítið sem ekkert af heildarskuldunum tilheyrir þeim rekstri. Um miðbik júlí 2009 reyndi á þetta ákvæði fyrir Hæstarétti (Guðrún Jenný Jónsdóttir, 2009).

A sótti um heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar til héraðsdóms Reykjavíkur. Í beiðninni kom fram að A væri lærður málari og að hann hefði starfað við fag sitt undanfarin ár. Þá kom einnig fram að hann væri óvinnufær vegna veikinda og hefði verið það frá árinu 2007. Með beiðninni fylgdi ítarleg greiðsluáætlun þar sem fram kom að áætluð framfærsla væri rétt rúmlega kr. 180.000 á mánuði. Greiðslugeta væri rétt um 4.700 á mánuði að teknu tilliti til framfærslu en heildarskuldir næmu um kr. 2.500.000.

Í úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að A hafi talið fram reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi á skattframtali 2007 vegna tekjuársins 2006. A hafi engar aðrar tekjur talið fram vegna þessa tekjuárs. Ekki lá fyrir framtal vegna tekjuársins 2007 en samkvæmt upplýsingum frá skattstjóra hafði hvorki verið greidd staðgreiðsla vegna A né skilað inn launamiða. Á skattframtali vegna tekjuársins 2008 hafði A tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, Íslenska lífeyrissjóðnum og félagsmálayfirvöldum. Á þeim árum sem A stofnaði til þeirra skulda sem nauðasamningar um greiðsluaðlögun átti að ná til hafði hann með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur. Þar sem að A hafði ekki gert grein fyrir því hvort skuldarnar væru tilkomnar vegna atvinnurekstrarins synjaði héraðsdómur beiðni hans um nauðasamning til greiðsluaðlögunar.

Þessu máli var áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti fyrrnefndan úrskurð sem lá fyrir hjá Héraðsdómi út frá gefnum forsendum.

Það sem er eftirtektarvert hér er sú staðreynd að ef eignaauki myndast í gegnum nauðasamninga, nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eða sýnt fram á að eignir eru ekki til staðar fyrir skuldum og að því gefnu að skuldir hafi ekki myndast við atvinnurekstur, telst eignaauki ekki til tekna. En af hverju má þetta ekki vera fyrir atvinnurekendur? Svarið liggur í því að atvinnurekendur þurfa að tekjufæra eftirgjöf skulda til að leiðrétta rekstrarreikning í fyrirtæki. Lánið hefur væntanlega upphaflega verið notað til að kaupa vörur og þjónustu. Við þetta ætti að hafa myndast rekstrartap sem er ósanngjarnt að nota til að lækka skatta ef eftirgjöf á skuldinni er til staðar (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2010).

Hvað varðar skuldir aðila í atvinnurekstri hafa skattayfirvöld alltaf það að leiðarljósi að eftirgjöf skulda sem kemur út af atvinnurekstri teljist alltaf sem skattskyldar tekjur ef litið er til tekjuskattslaga. Þetta er tilkomið vegna þess hvernig rekstrargjöld og rekstrartekjur eru færðar til á mismunandi hátt, þ.e. tekjur hjá einum rekstraraðila eru gjöld annarra og í þessu tilfelli tapaðar kröfur. Tímamót urðu með lögum nr. 104/2010 og var þá hvikað aðeins frá þeim almennu lögum sem giltu um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda, óháð því hvort um var að ræða einstaklinga eða aðila í atvinnurekstri sem gilti fyrir tekjuárin frá 2009 til 2011 enda þeim ætlað að vera tímabundin ráðstöfun vegna hins óvenjulega ástands sem hefði orðið á lánamarkaði innanlands (Elín Elma Arthursdóttir, 2010).

Atvinnurekendur hafa fengið að finna fyrir skelli eftir að efnahagshrunið skall á Íslandi. Viðskipti fóru að dala og kaup og einkaneysla minnkandi í þjónustu og vörum. Það er reikningshaldslega rétt að telja eftirgjöf skulda hjá atvinnurekendum sem tekjur vegna þess að þegar er búið að færa þær í bókhaldið. Breyttir tímar krefjast aftur á móti nýrra úrræða og þeim er náð að hluta til með lögum nr. 104/2010. Höfundur telur aftur á móti rétt að ganga skrefinu lengra og setja ný viðmið. Skoða verður hverjar

aðstæður fyrir sig, á þá leið að þrátt fyrir að skuldir einstaklings séu flestar ef ekki allar komnar til vegna atvinnureksturs þarf að finna málamiðlun ætíð. Það er aftur á móti spennandi að sjá hvernig lög tengd þessu málefni þróist samhliða því að íslenskt samfélag komist frá kreppunni.

### **6.3 Færanlegt rekstrartap**

Ákveðin straumhvörf urðu þegar lög nr. 104/2010 komu fram á sjónarsviðið. Með þeim lögum var vikið frá þeirri reglu að eftirgjöf skulda sem mynduðust við atvinnurekstur skyldu vera skattskyldar og þar af leiðandi urðu undanþágur varðandi einstaklinga rýmkaðar. Fyrirhugaðar eru fleiri breytingar á þessum lögum fyrir þá aðila sem fá eftirgefnar skuldir á tekjuárunum 2010 og 2011. Þær breytingar ganga út á að rekstraraðilum verði þá heimilt að fresta tekjufærslu á milli tekjuárunna 2010 til 2014 ef eftirgjöf skulda er meira en yfirfæranlegt rekstrartap. Ef eitthvað er aukreitis af eftirgjöf skulda við lok tekjuárs 2014 fellur tekjufærslan niður ef hún er undir 500 milljónum. Það sem er umfram 500 milljónir ber aðilum að færa til tekna með jöfnum afborgunum næstu fimm tekjuár eftir það eða frá 2015 til 2019. (Jón Ásgeir Tryggvason og Elín Elma Arthúrsdóttir, 2010).

Hvað felst aftur á móti í þessum lögum fyrir einstaklinga í atvinnurekstri og þá sem standa utan hans? Fyrir aðila í atvinnurekstri þýðir þetta að einstaklingum í atvinnurekstri er heimilt að tekjufæra 50% eftirstöðva af fenginni eftirgjöf fyrir tekjuárin frá 2009 til 2011. Sú upphæð má þó ekki fara yfir 50 milljónir. Einnig má færa 75% ef eftirgjöfin er umfram 50 milljónir. Skuldirnar verða þá að hafa stofnast í beinum tengslum við atvinnurekstur hjá viðkomandi einstaklingum. (Lög nr. 104/2010, a-liður.).

Hvað einstaklinga varðar þá snertir þetta fyrir þá veðskuldir og skuldir vegna bifreiða. Einstaklingi er heimilt að telja ekki til tekna 15 milljónir en fyrir hjón eða samsköttunaraðila eru það 30 milljónir vegna greiðsluferfiðleika sem koma til á tekjuárunum 2009 til 2011. Þetta er að því gefnu að aðilar séu ekki í atvinnurekstri. Ef umrædd eftirgjöf er að fara fram úr fyrrgreindum upphæðum má sleppa tekjufærslu eða um 50% eftirjafarinnar og hámarkið er þá 30 milljónir hjá einstaklingi en 60 milljónir hjá hjónum eða samsköttunaraðilum fyrir áðurgreint tímabil. Einnig hafa þessir aðilar rétt á að fresta tekjufærslu um tvö ár frá því að eftirgjöf var veitt. Rétt er þó að taka fram að viðkomandi ákvæði á ekki við fyrir einstaklinga utan atvinnureksturs þegar að 3. tölul. 28. gr. gildir. Þeir aðilar sem ekki hafa fengið úrlausn

sinna mála út frá þeim lögum geta síðar óskað eftir lækkun eða fellingu á tekjuskattsstofni eftir frestunartímabil. Liggja þarf fyrir hlutlægt mat á fjárhagsstöðu sem er tekið eftir eftirgjöf sem sýnir fram á að þrátt fyrir eftirgjöf sé eignaaukning lítil eða engin, engar eignir liggja fyrir og óséð hvernig framfærsla verður í framtíðinni. (Lög nr. 104/2010, b-liður).

## 7 Lokaorð

Íslenskt samfélag er í dag að glíma við afleiðingar mikillar þenslu sem átti sér stað eftir aldamótin. Skuldir einstaklinga hafa hækkað vegna gengis og menn sjá fram á að eignir gufi upp út frá neikvæðri eiginfjárstöðu. Einstaklingar hafa í dag nokkur úrræði ef þeir sjá fram á að geta ekki staðið í skilum eða eru komnir með neikvæða eiginfjárstöðu. Þeir geta leitað greiðsluáðlögunar, nauðasamninga eða gjaldþrots sem ætíð er reynt að komast hjá. Við þessar aðstæður telst sannað að eignir séu ekki til fyrir skuldum og ekki hægt að draga það í efa. Ætíð verður þó að ganga úr skugga um það hvort krafa sé verðlaus eða hafi verðmætt gildi. Ef um verðlausar kröfur er að ræða er eftirgjöf skattfrjáls þrátt fyrir að eignaauki myndist þegar einstaklingar eiga í hlut með neikvæða eiginfjárstöðu.

Frá 1981 hefur tekjuhugtakið verið flokkað rúmt og á því ekki að vera hægt að draga í efa hvaða tekjur eru skattskyldar. Reglugerðir frá 6. áratug síðustu aldar sýna líka fram á að ekki verði um villst að kaupaukar, gjafir og hlunnindi eru tekjur og á að skattleggja. Þetta helst í hendur við eðli kröfunnar, þ.e. hvort að krafa sé verðlaus eða hafi verðmætt gildi. Ef um verðlausar kröfur er að ræða er eftirgjöf skattfrjáls þrátt fyrir að eignaauki myndist þegar einstaklingar eiga í hlut með neikvæða eiginfjárstöðu.

Atvinnurekendur njóta aftur á móti ekki réttar til greiðsluáðlögunar því tekjur þeirra eru komnar frá rekstri. Við það teljast þær til tekna og ber að skattleggja þær en vegna breyttra tíma eru ný úrræði fyrir þá. Atvinnurekendur hafa aftur á móti fengið vind í seglin með nýjum lögum nr. 104/2010. Með tekjufærslu en þá er ákveðið hlutfall tekna sem þeim hlotnast eingöngu skattskyldur.

Einkageirinn og ríkisvaldið hafa átt í deilum eftir að bankarnir voru yfirteknir því að eftir standa eingöngu skuldir en engar eignir til að setja í á móti. Þrátt fyrir þetta eru starfsmenn fjármálafyrirtækja að spyrna við fótum og mótmæla framkvæmd þess. Þessar skuldir sem koma til vegna lána vegna hlutabréfa í fjármálastofnunum leiða til skattskyldu vegna þess að lánin eru kaupauki.

Helsta álitamál sem höfundur fann fyrir við gerð ritgerðarinnar var að komast að niðurstöðu um hvenær skuldari sé búinn að fyrirgera rétti til samninga með óábyrgri fjármálastjórnun? Margir einstaklingar fóru of geyst varðandi áhættumiklar fjárfestingar og að baki henni lágu verðlausir pappírar. Starfsmenn fjármálafyrirtækja hafa fengið að finna fyrir því frekar en almennir einstaklingar.



## Heimildaskrá

### Bækur

Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). Skattur á menn (bls. 56-140). Reykjavík: Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar

### Rit

Aðalsteinn Hákonarson (2009). Skuldauppgjör í skjaldborgum. *Tíund*, 23 (3), 12-13.

Elín Elma Arthursdóttir. (2008) Æ sér gjöf til gjalda. *Tíund*, 22 (3), 41-42.

Elín Elma Arthursdóttir. (2010). Afskriftir og greiðsluúrræði – Eignir og skuldir. *Tíund*, 24 (2), 12-16.

Guðrún Jenný Jónsdóttir (2009). Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar. *Tíund*, 23(3), 47.

Guðrún Jenný Jónsdóttir (2010). Kaup – og söluréttur á hlutabréfum, fjármagnstekjur eða launatekjur. *Tíund*, 24(3), 46-47.

Jón Ásgeir Tryggvason og Elín Elma Arthursdóttir (2010). Lagafrumvörp um tekjuskatt til meðferðar hjá Alþingi. *Tíund* 24(3), 40-42.

Seðlabanki Íslands. (2010). *Fjármálastöðugleiki 2010*. Bls 34-40. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

### Óbirt rit

Ásmundur G. Vilhjálmsson. (2010, nóvember). *Skattlagning eftirgefina skulda*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu hjá Endurmenntunarstofnun HÍ, Reykjavík.

Ásmundur G. Vilhjálmsson. (2009, nóvember). Eftirgjöf skulda og ýmis álitamál tengd því. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Félags Löggiltra Endurskoðenda, Reykjavík.

### Vefsíður

Eyjan. (2010, febrúar). *Ríkisskattstjóri: Enginn vafi að eftirgjöf skulda myndar skattskyldu. Mikið forvitnast*. Sótt 11. Október 2010 á <http://eyjan.is/2010/02/27/rikisskattstjori-engin-vafi-ad-efstirgjof-skulda-myndar-skattskyldu-mikid-forvitnast/>

### Lög

Lög nr. 6/1935 um tekjuskatt og eignarskatt

Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti

Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt

Lög nr. 104/2010